

Sylvía Karen Heimisdóttir

From: Valgerður Erlingsdóttir <valgerlings@gmail.com>
Sent: fimmtudagur, 19. júní 2025 13:44
To: Sylvía Karen Heimisdóttir
Subject: Re: Stofnun lögbýlis

Sæl Sylvía Karen,

ég stunda skógrækt á spildunni í dag, að planta nýjum skógi og að grisja eldri skóg. Einnig hefur hluti spildunnar verið notaður sem beitiland fyrir hross. Starfsemin í dag er sem sagt skógrækt og hrossabeit. Önnur starfsemi er ekki fyrirhuguð á þessari spildu.

Kv. Valgerður.

mið., 18. jún. 2025 kl. 13:30 skrifaði Sylvía Karen Heimisdóttir <sylviakaren@skeidgnup.is>:

Sæl Valgerður.

Takk fyrir þessar upplýsingar.

Er fyrirhuguð einhver önnur atvinnustarfsemi í framtíðinni á þessi spildu?

Með bestu kveðju



HEIMSMARKHIDIN



Sylvía Karen Heimisdóttir
Sveitarstjóri
Skeiða- og Gnúpverjahrepp

☎ 486-6100

✉ sylviakaren@skeidgnup.is

www.skeidgnup.is

Árnes, 804 Selfoss

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gæti innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 4. mgr. 88. gr. laga um fjarskipti nr. 70/2022 og gæta fyllista trúnaðar. Það er óheimilt að kynna sér efni tölvupóstsins, lesa, skrá það hjá þér eða notfæra á nokkrum hátt. Brot gegn framangreindum lögum geta varðað bótaábyrgð og refsingu.

From: Valgerður Erlingsdóttir <valgerlings@gmail.com>
Sent: miðvikudagur, 18. júní 2025 11:00
To: Sylvía Karen Heimisdóttir <sylviakaren@skeidgnup.is>
Subject: Re: Stofnun lögbýlis

Sæl og blessuð Sylvia Karen.

Ástæða þess að ég vil stofna lögbýli á skógræktarlandi mínu á mýrinni er að ég er með skógræktarsamning við Skógræktina (nú Land og skóg) á landinu, en þar er gerð krafa um að svæðið sem gerður er skógræktarsamningur um sé lögbýli. Skógræktarsamningur hefur verið á landinu síðan foreldrar mínir gerðu fyrst skógræktarsamning við Suðurlandsskóga 2001 en þá tilheyrði þessi spilda Sandlæk 2 Landnr. 163591. Þegar landinu var skipt milli okkur systkinanna 2005 féll þessi spilda í minn hlut og fékk sitt sér landnúmer og var skilgreint sem annað land. Síðan gerði ég nýjan skógræktarsamning 2011 um þessa sömu spildu með sínu nýja númeri og athugaði ekki að þar með yrði landið ekki skilgreint sem lögbýli. Fékk heldur ekki athugasemdir vegna þessa frá neinum á þeim tíma. Nýlega heyrði ég í starfsmanni Lands og skógar, sem sér um gerð og endurnýjun skógræktarsaminga, og gerði hún athugasemd við að landið sem ég væri með undir skógræktarsamningi væri ekki skilgreint sem lögbýli. Þar með ákvað ég að fara í þetta ferli.

Hef síðan í framtíðinni jafnvel hugmyndir um að byggja þarna á spildunni.

Kv. Valgerður.

mið., 18. jún. 2025 kl. 08:55 skrifaði Sýlvía Karen Heimisdóttir <sylviakaren@skeidgnup.is>:

Sæl Valgerður

Á fundi sínum hinn 4. júní sl. tók sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps fyrir erindi þitt um stofnun lögbýlis á landspildu L201309 á Sandlækarmýri.

Mér var falið að óska frekari upplýsinga um málið áður en umsögn er gefin.

Gætirðu sent mér upplýsingar um uppbyggingaráform og fyrirhugað skipulag innan landspildunnar sem stofna á lögbýli á, ásamt upplýsingum um hvaða atvinnustarfsemi fyrirhugað er að starfrækja á lögbýlinu.

Með bestu kveðju



HEILSUSVÆLANI
Uppevettir
vettir fyrir alla



HEILSUSVÆLANI



Sýlvía Karen Heimisdóttir
Sveitarstjóri
Skeiða- og Gnúpverjahrepp

☎ 486-6100

✉ sylviakaren@skeidgnup.is

www.skeidgnup.is

Árnes, 804 Selfoss

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gæti innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 4. mgr. 88. gr. laga um fjarskipti nr. 70/2022 og gæta fyllsta trúnaðar. Það er óheimilt að kynna sér efni tölvupóstsins, lesa, skrá það hjá þér eða notfæra á nokkrum hátt. Brot gegn framangreindum lögum geta varðað bótaábyrgð og refsingu.

